



Greinargerð

B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – september 2020

Efnisyfirlit

B-hluti	2
Faxaflóahafnir	2
Félagsbústaðir	6
Orkuveita Reykjavíkur	11
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	18
SORPA bs	23
Strætó bs	27
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	31

B-hluti


Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir


Faxaflóahafnir sf. (m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Breyting	%	Raun 2019_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.459	3.313	-854	-25,8%	3.264	-805	-24,7%
Rekstrargjöld	-2.505	-2.800	295	-10,5%	-2.388	-117	4,9%
EBITDA	614	1.173	-559	-47,7%	1.451	-837	-57,7%
EBIT	-46	513	-559	-109,1%	876	-922	-105,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-23	2	-25	-1241,4%	19	-42	-219,4%
Óreglulegir liðir (tekjur)	272	0	272		9	263	
Rekstrarniðurstaða	203	515	-312	-61%	904	-701	-77,6%

Rekstrarniðurstaða Faxaflóahafna sf. fyrstu níu mánuði ársins 2020 nam 203 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 515 m.kr. hagnaði. Til samanburðar var rekstrarniðurstaðan 904 m.kr. fyrir sama tíma árið 2019. Tap af reglulegri starfsemi nam 46 m.kr. en 2019 var var hagnaður af reglulegri starfsemi 876 m.kr.



Rekstrartekjur námu 2.459 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.313 m.kr. Fyrir sama tímabil 2019 voru tekjur 3.264 m.kr. og hafa því lækkað um 24,7% á milli ára. Samdráttur í vöruflutningum og afbókanir skemmtiferðaskipa þýðir að tekjur ársins verða talsvert lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld voru 24,2% lægri en áætlun gerði ráð fyrir, en aflagjöld voru eilítið undir áætlun. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu eru talsvert undir áætlun þar sem nánast engin farþegaskip koma til hafnar vegna Covid-19.

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019_09	Mism.	%
Vörugjöld	863	1.138	-275	-24,2%	1.037	-174	-16,8%
Aflagjöld	113	120	-7	-5,8%	111	2	1,8%
Skipagjöld	250	519	-269	-51,8%	522	-272	-52,1%
Eignatekjur	757	747	10	1,3%	738	19	2,6%
Hafnarþjónusta	329	525	-196	-37,4%	575	-246	-42,8%
Siglingavernd	147	263	-116	-44,2%	281	-134	-47,7%
	2.459	3.313	-854	-25,8%	3.264	-805	-24,7%



Fyrstu níu mánuði ársins voru tekjur af vörugjöldum undir áætlun sem nemur 275 m.kr. eða 24,5%. Enn er óvissa um tekjur síðustu mánuði ársins en, ætla má eftir sem áður að niðurstaðan verði töluvert undir því sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir.


Þróun flutninga	2018_09	2019_09	2020_09	Landaður heildarafi	2018_09	2019_09	2020_09
Innflutningur	2.047.227	1.927.423	1.579.653	Reykjavík	68.008	57.116	46.390
Útflutningur	715.299	673.419	554.682	Akranes	15.364	1.909	1.432
Annar flutningur	135.353	215.711	202.063	Alls	83.372	59.025	47.822

Verulegt tekjutap var vegna þess að nánast engin farþegaskip komu til landsins á fyrstu níu mánuðum ársins en tekjur vegna þeirra voru áætlaðar 700 m.kr. brúttó á árinu 2020. Meðal óreglulegra liða er færður söluhagnaður vegna hafnarsögubátsins Jötuns sem var seldur í júní á 221 m.kr., og tekjur vegna viðbótargatnagerðargjalda.

Tekjur af farþegaskipum (m.kr.)	2018_09	2019_09	2020_09
Tekjur af farþegaskipum	436	582	11
Hlutfall af heildartekjum	14,3%	17,8%	0,5%

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. fyrstu 9 mánuði 2020 námu 2.505 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 2.800 m.kr. Fyrir sama tímabil árið 2019 voru þau 2.388 m.kr. þannig að þau hækkuðu um 4,9% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Inn í rekstrargjöld ársins er fært uppgjör vegna kjarasamninga sem gildir frá 1. apríl 2019. Reiknað er með að rekstrargjöld verði almennt undir áætlun, aðallega vegna siglingaverndar sem verður lægri og afskriftir verða lægri þar sem nýr dráttarbátur hefur ekki verið tekinn í notkun enn. Hann átti að takast í notkun um áramót.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019_09	Mism.	%
Hafnavirki	522	610	-88	-14,4%	503	19	3,8%
Eignagjöld	333	464	-131	-28,2%	353	-20	-5,7%
Hafnarþjónusta	551	508	43	8,5%	464	87	18,8%
Skrifstofu- og stjórnunark.	304	318	-14	-4,4%	304	0	0,0%
Siglingavernd	135	240	-105	-43,8%	187	-52	-27,8%
Afskriftir	660	660	0	0,0%	577	83	14,4%
	2.505	2.800	-295	-10,5%	2.388	117	4,9%



Fjármunatekjur og

fjármagnsgjöld


Gjöld af fjármagnsliðum námu 23 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 2 m.kr. í tekjur. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 19 m.kr. á sama tímabili 2019. Frávik frá áætlun stafar af því að fjármunatekjur koma ekki inn fyrr en í lok árs.

Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	14.304	13.191	1.113	8,4%
Veltufjármunir án handb.fjár	478	1.431	-953	-66,6%
Handbært fé	987	1.404	-417	-29,7%
Eignir samtals	15.769	16.026	-257	-1,6%
Eigið fé	14.688	14.917	-229	-1,5%
Langtímaskuldir	583	568	15	2,6%
Næsta árs afborganir langt. skulda	97	95	2	2,4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	401	446	-45	-10,2%
Skuldir samtals	1.081	1.110	-29	-2,6%
Skuldir og eigið fé samtals	15.769	16.026	-257	-1,6%


Í lok tímabilsins námu heildareignir 15.769 m.kr. Þar af námu fastafjármunir 14.304 m.kr. og veltufjármunir 1.465 m.kr. Heildarskuldir námu 1.081 m.kr. og langtímaskuldir 583 m.kr. Langtímaskuldir eru svipaðar og um áramót. Eigið fé nam 14.688 m.kr.

Sjóðstreymi



Greiddur var út arður til eigenda sem nam 432 m.kr. Handbært fé er 987 m.kr. er talsvert lægra en um síðustu áramót en þá var handbært fé kr. 1.404 m.kr.

Handbært fé frá rekstri var 639 m.kr. Fjárfest var fyrir 1.121 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins; nýr dráttarbátur kom til Faxaflóahafna í lok febrúar 2020, hann var að stærstum hluta greiddur 2019; lokið var við landgerð við Sævarhöfða sem er í samræmi við samning borgar og hafnar um kaup og landskil í Sævarhöfða og framvinda uppbyggingar aðstöðu við Ægisgarð fyrir hafsækina ferðaþjónustu er samkvæmt áætlun. Heildar fjárfestingaráætlun ársins hefur verið lækkuð um 469 m.kr. eða úr 1.850 m.kr. í 1.381 m.kr. og ræður þar mestu frestun endurnýjunar aðalhafnargarðs á Akranesi.



Útlit er fyrir að niðurstaða ársins 2020 verði lægri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Helstu óvissuþættir þar að lútandi ráðast af þróun tekna. Rekstrargjöld verða undir áætlun.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir 9 mánaða uppgjör árin 2016-2020:

Faxaflóahafnir	2016_09	2017_09	2018_09	2019_09	2020_09
Eiginfjárhlutfall	90,2%	90,0%	90,4%	92,2%	93,1%
Arðsemi eigin fjár	6,0%	7,9%	14,0%	8,2%	1,8%
Veltufjárhlutfall	4,55	3,16	3,97	5,16	2,94
Langtímaskuldir/eigið fé	6,8%	6,0%	5,1%	4,4%	4,0%
Uppgreiðslutími	0,6	0,5	0,4	0,4	0,7
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	45,5%	48,3%	47,6%	45,5%	27,8%
Framlegð (EBITDA)/rekstrartekjum	45,1%	48,7%	47,9%	44,5%	25,0%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Tap af reglulegri starfsemi (EBIT) nam 46 m.kr. sem er verulegur umsnúningur frá fyrra ári þegar hagnaður af reglulegri starfsemi nam 876 m.kr.
- Rekstrarniðurstaða Faxaflóahafna sf. fyrstu níu mánuði ársins 2020 nam 203 m.kr. og er 61% undir áætlun. Tekjur af óreglulegum liðum vegur upp tapið af reglulegri starfsemi, þar munar mest um 221 m.kr. hagnað af sölu á dráttarbáti.
- Kennitölur félagsins endurspeglar mjög þau áhrif sem Covid-19 hefur haft á reksturinn
- Tekjur af vörugjöldum voru 275 m.kr. undir áætlun og endurspeglar verulegan samdrátt í innflutningi frá fyrra ári.
- Tekjur af farþegaskipum fyrstu 9 mánuði ársins voru 11 m.kr. en á samátímabili í fyrra voru þær 582 m.kr. Fara úr því að vera 17,8% af heildartekjum í það að vera 0,5% af heildar tekjum. Skipakomur voru alls 7 á tímabilinu samanborið við 185 á sama tímabili á árinu 2019.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Mikilvægt er að móta eigenda- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Félagsbústaðir

Árs- og árshlutauppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Breyting	%	Raun 2019_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.442	3.492	-49	-1,4%	3.377	65	1,9%
Rekstrargjöld	-1.915	-1.891	-24	1,3%	-1.690	-225	13,3%
EBIT	1.527	1.601	-74	-4,6%	1.687	-160	-9,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-820	-848	27	-3,2%	-993	173	-17,4%
Verðbætur	-1.169	0			-818	-351	42,9%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	2.540	0			3.858	-1.318	-34,2%
Óreglulegir liðir (tekjur)	157	0			0	157	
Rekstrarniðurstaða	2.236	753	1.482	196,8%	3.733	-1.498	-40,1%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins. Áætlun 2020 eins og hún birtist hér er með breytingum vegna viðauka við áætlun 2020 samþykktum af stjórn 23. september síðastliðinn.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á fyrstu níu mánuðum 2020 námu 3.442 m.kr. og jukust um 1,9% milli ára en í tölum 2019 er leiðrétting á leiguverði sem velferðarsvið leigir af félaginu en ákveðið var í júlí 2019 að hækka þá leigu afturvirkir frá 1. júlí 2017. Hækkun vísitölu á 12 mánaða tímabili nam 3,0%. Áætlun með breytingum vegna viðauka hefur lækkað um 162 m.kr. en er engu að síður 1,4% undir áætlun. Skýringin liggur einna helst í minni fjölgun leigugeininga á fyrstu 9 mánuðum ársins en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í ljósi þessa er ólíklegt að tekjuáætlun ársins standist.

Óreglulegar tekjur 157 m.kr. eru vegna söluhagnaðar á skrifstofuhúsnæði félagsins að Hallveigarstíg 1.

Rekstrargjöld voru 1.915 m.kr. eða 24 m.kr. (1,3%) yfir áætlun.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019_09	Mism.	%
Rekstur og viðhald eignasafns							
Rekstur fasteigna	365	365	0	-0,1%	337	28	8,2%
Viðhald og framkvæmdir	804	756	48	6,4%	683	121	17,8%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	385	391	-6	-1,5%	359	26	7,3%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	1.554	1.512	42	2,8%	1.379	175	12,7%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður							
Laun og launatengd gjöld	234	244	-10	-4,2%	221	13	5,9%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	113	99	14	13,9%	83	30	36,1%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	14	36	-22	-60,1%	8	6	80,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	361	379	-18	-4,7%	311	49	15,8%
Rekstrargjöld alls:	1.915	1.891	24	1,3%	1.690	225	13,3%


Rekstur fasteigna á tímabilinu var á áætlun á tímabilinu.

Viðhald- og framkvæmdir nema 804 m.kr. eða 48 m.kr. hærrí en áætlun gerir ráð fyrir. Framkvæmdagjöld húsfélaga og sorp og ræsting voru hvoru tveggja 17 m.kr. yfir áætlun sem skýrir að mestu frávikin frá áætlun. Viðhald sem hlutfall af tekjum nemur nú 23,4% en nam 20,2% í fyrra.

Frávik í fasteigna- og brunabóttagjöldum skýrast af tilfærslu fasteignagjalda í tíma þar sem Reykjavíkurborg ákvað að fjölga gjalddögum fasteignagjalda um 2 í kjölfar efnahagslæggðarinnar vegna COVID-19.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er 361 m.kr. eða 18 m.kr. lægri en áætlun. Launakostnaður var 10 m.kr. undir áætlun. Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er 14 m.kr. yfir áætlun en það skýrist af gjaldfærslu tölvukaupa og búnaðar sem ekki verður á síðari hluta ársins. Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna hækkaði og var 14,3 m.kr. samanborið við 8,0 m.kr. á sama tímabili í fyrra en hann er 22 m.kr. undir áætlun.

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT%) er 44,4% en á sama tímabili í fyrra var það 50,0%.




Efnahagur og eignasafn

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fasta fjármunir	98.473	92.386	6.088	6,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	369	290	80	27,5%
Handbært fé	2.946	1.059	1.887	178,2%
Eignir samtals	101.788	93.734	8.054	8,6%
Eigið fé	49.612	47.230	2.383	5,0%
Skuldbindingar	2.726	1.618	1.109	68,6%
Langtímaskuldir	46.605	42.818	3.787	8,8%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.017	841	176	20,9%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.827	1.227	600	48,9%
Skuldir og skuldbindingar samtals	52.175	46.504	5.671	12,2%
Skuldir og eigið fé samtals	101.788	93.734	8.054	8,6%

Heildareignir félagsins námu 101.788 m.kr. þann 30.09.2020 en þær jukust um 8,6%. Fjárfestingaeignir jukust um 6,6% eða 6.053 m.kr., fjárfest var fyrir 3.379 m.kr. og matsbreyting nam 2.675 m.kr.

Félagsbústaðir festu kaup á 62 nýjum íbúðum á fyrstu 9 mánuðum 2020 alls er áætlað að kaupa 144 íbúðir á árinu.




Eftirstöðvar langtímalána jukust á tímabilinu um 3.711 m.kr. Tekin voru lán að andvirði 5.439 m.kr. með útgáfu félagslegra skuldabréfa með ábyrgð Reykjavíkurborgar en félagið fékk í fyrra vottun og heimild til þess að gefa út félagsleg skuldabréf sem eru skuldabréf gefin út til að fjármagna verkefni sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Hluti af andvirði lánanna, rúmlega 2.001 m.kr., voru nýttar til þess að greiða upp eldri óhagstæðari lán. Auk þess tókust samningar við Íbúðalánasjóð (HMS) um lækkun vaxta á eldri lánum um 0,92%-stig sem skilar sér strax í lægri vaxtagreiðslum. Vaxtagreiðslur lækkuðu um 173 m.kr. samanborið við fyrra ár en um 27 m.kr. miðað við endurskoðaða ársáætlun félagsins.

Félagið fékk á tímabilinu greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg samtals 1.004 m.kr.


Eigið fé hækkaði um tæplega 2.459 m.kr. frá ársbyrjun 2020 sem skýrist af hlutafjárhækkun 147 m.kr. og matsbreytingu eigna 2.675 m.kr meðan rekstarniðurstaða hefur neikvæð áhrif á eigið fé um 363 m.kr. Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 48,8% samanborið við 50,4% í lok árs 2019.

Sjóðstreymi




Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:

Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af tekjum hefur vaxið síðan 2018. Árið 2018 dugði veltufé frá rekstri ekki fyrir afborgunum lána en er nú 1,13. Æskilegt lágmarks hlutfall er 1.



Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Á síðustu árum hefur nettó fjárfesting verið töluvert umfram veltufé frá rekstri og hefur bilið verið brúað með stofnframlögum og lántökum.



¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafölgin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir árin 2016-2020 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2016_09	2017_09	2018_09	2019_09	2020_09	Markmið
Eiginfjárlutfall	46,7%	53,0%	50,9%	51,0%	48,7%	-
Arðsemi eigin fjár	43,8%	33,4%	5,7%	11,7%	6,3%	-
Veltufjárlutfall	0,10	0,11	0,46	0,09	1,17	-
Vaxtaþekja (EBIT/nettó gr.vextir)	1,48	1,55	1,52	1,80	1,93	>= 1,4
Skuldaþekja (EBIT/(afb. + nettó gr. vextir))	0,96	1,01	0,99	1,17	1,05	>= 0,9
Uppgreiðslutími	64,9	57,7	59,9	40,3	48,0	-
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	15,0%	16,7%	15,5%	22,4%	21,6%	-
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af afborgunum	0,89	1,02	0,97	1,49	1,13	-
Framlegð (EBIT)/rekstrartekjum	45,6%	46,5%	44,8%	50,0%	44,4%	-

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Afkoma fyrir matsbreytingar, verðbætur langtímalán og óreglulega liði er 707 m.kr., hagnaður fyrir óreglulega liði er 2.078 m.kr. Óreglulegir liðir eru vegna sölu eignar 157 m.kr. Matsbreytingar fjárfestingaeigna voru nokkuð lægri á tímabilinu jan-sept en fyrir sama tímabil á árinu 2019.
- Matsbreytingin í rekstrarreikningi skiptist í matsbreytingu fjárfestingaeigna sem nam 2.674,6 m.kr. og hækkun skuldbindingar vegna 30% stofnframlaga sem nam 134,4 m.kr., nettó matsbreyting í rekstrarreikningi er því 2.540,2 m.kr.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2020 og hins vegar er miðað við 3,76% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til september. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgi þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafni félagsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem minnkaði um 9,5% á milli ára, en tekjur hækkuðu um 1,9% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 13,3%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum var 44,4% en endurskoðuð áætlun gerði ráð fyrir 45,8%. Frávikið má rekja til þess að rekstrartekjur voru 49 m.kr. 1,9% undir áætlun og rekstrargjöld voru 48 m.kr. 1,3% yfir áætlun.
- Helsta skýring á hærri rekstrargjöldum er að viðhald og framkvæmdir eru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, það skýrist að hluta til vegna fleiri standsetninga en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af meiri hreyfingu á leigjendum hjá félaginu.
- Eignaaukning varð minni en áætlað var en keyptar voru 62 íbúðir á tímabilinu en áætlað er að kaupa 144 íbúðir á árinu. Félagið hefur stækkað mikið á síðustu árum en frá árinu 2014 hefur íbúðaeiningum fjölgað um ríflega 500. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki enn frekar eða úr tæplega 2.600 íbúðaeiningum í tæplega 3.100 árið 2023.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 18 m.kr. (4,7%) undir áætlun. Frávikið skýrist af 22 m.kr. lægra framlagi í afskriftarreikning en áætlun gerði ráð fyrir ásamt því að laun og launatengd gjöld eru 10 m.kr. undir áætlun. Þá er 14 m.kr. umframkostnaður í öðrum skrifstofukostnaði.
- Vaxtagreiðslur voru 27 m.kr. undir áætlun en áætlun var endurskoðuð í maí eftir lækun á vaxtabyrði langtímalána en hagstæð vaxtakjör fengust á ný og eldri lán og hluti af lántökum var nýttur til þess að greiða niður eldri óhagstæðari lán. Alls voru tekin ný lán fyrir 5.439 m.kr. en uppgreiðsla lána nam 2.001 m.kr.
- Veltufé frá rekstri nam 745 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum 2020 en afborganir lána 658 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað milli ára vegna aukinnar lántöku og vegna þess að hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 1,93 og skuldaþekja lækkaði í 1,05 á fyrstu 9 mánuðum 2020 (1,77 og 1,16 2019 F3) og eru yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Handbært fé jókst á tímabilinu um 1.887 m.kr., úr 1.059 m.kr. í árslok 2019 í 2.946 m.kr.

- Lántökur á árinu námu alls 5.439 m.kr., lán með útgáfu félagslegra skuldabréfa í nafni félagsins. Óhagstæðari eldri lán að fjárhæð 2.001 m.kr. voru greidd upp. Þá fengust 1.004 m.kr. greiddar í stofnframlög frá ríki og borg.
- Félagsbústaðir hafa gert samninga um stofnframlög fyrir 2.695 m.kr. þar af 934 m.kr. við Reykjavíkurborg og 1.761 m.kr. við ríkið. Alls voru gerðir samningar fyrir 1.100 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins, þar af var útistandandi krafa 92,5 m.kr. þann 30.09.2020 vegna stofnframlaga ríkisins.
- Reykjavíkurborg greiddi á tímabilinu hlutafjárukningu 147 m.kr. í samræmi við samþykkt á aðalfundi.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:


- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2020 F3	Raun 2019 F3	Breyting	%
Rekstrartekjur	35.045	33.578	1.467	4,4%
Rekstrargjöld	-14.206	-13.570	-636	4,7%
EBITDA	20.839	20.008	831	4,2%
Afskriftir	-9.606	-8.900	-706	7,9%
EBIT	11.233	11.108	125	1,1%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-12.374	-6.938	-5.436	78,4%
Tekjuskattur	1.881	234	1.647	704,8%
Rekstarniðurstaða	744	4.403	-3.659	-83,1%

Rekstarniðurstaða tímabilsins var jákvæð um 744 m.kr. sem er lækkun um 83,1% milli ára eða um 3.659 m.kr. Meginskýring á breytingunni er vegna gengismunar en hann var neikvæður um 4.573 m.kr. það sem af er árs en var jákvæður um 230 m.kr. á sama tímabili 2019. Hins vegar var færður jákvæður þýðingarmunur á eigið fé vegna varanlegra rekstrarfjármuna ON Power að fjárhæð 14,1 ma.kr.

Samtals fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 12.374 m.kr. en voru neikvæð um 6.938 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2019.


Rekstrarhagnaður (EBITDA) hækkaði um 831 m.kr. milli ára.



Rekstrartekjur hækkuðu um 1.467 m.kr. eða 4,4% milli ára sem skýrist fyrst og fremst af aukinni sölu á heitu vatni.


Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2020 F3	Raun 2019 F3	Mism.	%
Veitur	22.401	20.590	1.811	8,8%
Orkusala og framleiðsla	10.310	10.338	-28	-0,3%
Önnur starfsemi	2.335	2.649	-314	-11,9%
	35.045	33.578	1.467	4,4%

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Orkusölu og framleiðslu, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur. Tekjur af samkeppnisrekstri námu 35,6% af heildartekjum samstæðu OR á tímabilinu.



Rekstrargjöld án afskrifta hækkuðu um 635 m.kr. milli ára eða 4,7%. Orkukaup og flutningur hækkuðu um 18 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 634 m.kr. sem skýrist af mestu leyti af kjarasamningshækkunum. Annar rekstrarkostnaður lækkaði um 16 m.kr. eða 0,4%, sem skýrist að mestu af minni viðhaldskostnaði virkjana og veitukerfa.

Rekstrargjöld án afskrifta (í m.kr.)	Raun 2020 F3	Raun 2019 F3	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	4.181	4.163	18	0,4%
Laun og launatengd gjöld	5.629	4.995	634	12,7%
Annar rekstrarkostnaður	4.396	4.412	-16	-0,4%
	14.205	13.570	635	4,7%



Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	363.431	344.342	19.089	5,5%
Veltufjármunir án handb.fjár	18.978	7.052	11.926	169,1%
Handbært fé, b. innlán og markaðsv.br.	12.798	18.490	-5.692	-30,8%
Eignir samtals	395.207	369.884	25.323	6,8%
Eigið fé	187.414	182.299	5.115	2,8%
Langtímaskuldir	171.493	162.635	8.858	5,4%
Næsta árs afborganir skt. skulda	22.029	15.064	6.965	46,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	14.271	9.886	4.385	44,4%
Skuldir samtals	207.793	187.585	20.208	10,8%
Skuldir og eigið fé samtals	395.207	369.884	25.323	6,8%

Heildareignir félagsins voru 395 ma.kr. í lok september 2020 og höfðu hækkað um 25,3 ma.kr. á árinu. Fjárfest var fyrir 11,4 ma.kr. í rekstrarfjármunum. Afskrift rekstrarfjármuna námu 9,6 ma.kr. Þýðingarmunur á varanlegum rekstrarfjármunum ON Power, sem hefur starfrækslugjaldmiðil í dollar, nam um 14,1 ma.kr. á tímabilinu vegna veikingar krónu gagnvart dollar. Leigueignir, samkvæmt IFRS16 reikningskilastaðlinum, námu 2,6 ma.kr., og á móti var færð leiguskuld, samtals 2,6 ma.kr.

Veltufjármunir námu samtals 31,8 ma.kr. og hækkuðu um 6,1 ma.kr. frá áramótum. Þar af hefur sjóður félagsins hækkað um 5,8 ma.kr. frá áramótum.

Á árinu hefur álverð sveiflast á milli 1.462 - 1.946 USD/tonn. Frá áramótum til uppgjörsdags hefur álverð lækkað um 2,5%. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna rafkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Virði innbyggðra afleiðna rafkusölusamninga lækkaði sem nemur 2,8 ma.kr. frá áramótum sem einkum má rekja til lækkunar á framvirkum álverðum. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga námu alls 345 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga er gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Heildarskuldir félagsins námu 207,8 ma.kr. í lok september 2020 og höfðu hækkað um 20,2 ma.kr. Langtímaskuldir félagsins hækkuðu um 8,9 ma.kr. Gefin voru út skuldabréf að fjárhæð 14,0 ma.kr. í þremur opnum skuldabréfaútboðum og tveimur lokuðum skuldabréfaútboðum á tímabilinu. Lántakan var m.a. gerð til að styrkja lausafjástöðuna ásamt endurfjármögnun eigendalána. Heildaraborganir lána námu 14,9 ma.kr. Gengistap á tímabilinu nam 11,4 ma.kr. vegna veikingar á gengi krónunnar en á móti var færður jákvæður þýðingarmunur á eigið fé vegna varanlegra rekstrarfjármuna ON Power að fjárhæð 14,1 ma.kr.


Nettóskuldir námu 143,8 ma.kr. í lok 3. ársfjórðungs og höfðu hækkað um 7,5 ma.kr. það sem af er árs.

Langtímaskuldir (í m.kr.)	Raun 2020 F3	Raun 2019 F3	Mism.	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	92.630	84.484	8.146	9,6%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	74.898	69.535	5.363	7,7%
	167.528	154.019	13.509	8,8%

	Raun 2020 F3	Raun 2019 F3
Hreyfingar með greiðsluáhrif		
Vaxtaberandi skuldir 1. jan	154.019	151.284
Ný lántaka	15.005	16.967
Aforganir	-14.875	-19.145
Hreyfingar án greiðsluáhrifa		
Gengismunur	11.374	2.955
Verðbætur	2.005	1.958
	167.528	154.019

Sjóðstreymi Sjóðstreymisyfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Lengst til vinstri sést handbært fé í upphafi árs 2020 og lengst til hægri í lok tímabilsins.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf þann 30. september 2020 voru 13,1 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar 2020

Fjárfesting **Veitna** nam 4,3 ma.kr. á tímabilinu. Helstu fjárfestingarnar voru endurnýjun lagna og strengja við Elliðaár, heimaæðar, dælur í Hveragerði og endurnýjun aðveituæðar frá Deildartungu. Í **Vatns- og fráveitu** nam fjárfestingin 1,9 ma.kr. og voru helstu fjárfestingar í endurnýjun lagna við Elliðaár, fóðrun fráveitulagna, lýsingartæki í Heiðmörk og skólþdælustöð Naustavogi.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 1,4 ma.kr. Borun vinnsluholu á Nesjavöllum ásamt endurbótum á áspéttibúnaði vegna niðurdælingar eru stærstu verkefni tímabilsins. Meðal annarra verkefna voru endurbætur á stjórnþúnaði, vélaendurbætur og uppsetning á hleðslustöðvum. **ON Power** fjárfesti fyrir um 1,6 ma.kr. á tímabilinu. Stærstu verkefni voru vinnsluhola á Hellisheiði, niðurrennslishola á Hellisheiði, lok stækkunar á varmastöð og stækkun á skiljustöð í Hverahlíð.

Önnur fjárfesting nam 2,2 ma.kr. Helstu fjárfestingar voru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og í upplýsingakerfum.

Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá þremur matsfyrirtækjum, erlendu matsfyrirtækjunum Moody's og Fitch Ratings og íslenska matsfyrirtækinu Reitun.

Lánshæfiseinkunn OR hjá matsfyrirtækinu Reitun er i.AA3 jákvæðar horfur.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings staðfesti lánshæfiseinkunn OR sem BB+ og stöðugar horfur í apríl 2020. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingaflokki hjá Fitch.

Matsfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr Ba2 jákvæðar horfur í Ba1 stöðugar horfur í mars 2018. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingarflokki hjá Moody's.

Stjórnendur OR hafa sett sér það markmið að komast í fjárfestingaflokk hjá erlendu matsfyrirtæki á næstu árum. Fyrirtæki í fjárfestingaflokki hafa betra aðgengi að fjármagni og áhættuvörnum á betri kjörum.


Orkuveita Reykjavíkur	2016 F3	2017 F3	2018 F3	2019 F3	2020 F3	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	39,5%	43,7%	46,8%	47,1%	47,4%	≥ 40%
Veltufjárlutfall	0,8	1,0	1,1	1,0	0,9	≥ 1
Vaxtabekja	5,6	5,8	4,7	4,0	4,3	≥ 3,5
ROCE	4,9%	5,9%	5,9%	4,4%	3,9%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	5,7	4,8	5,6	6,1	5,6	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	17,4%	20,7%	17,8%	16,5%	18,0%	≥ 17%

Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.


Fyrirtækið hefur verið virkt á skuldabréfamarkaðinum síðan 2016 þegar stofnaður var útgáfuramma fyrir skuldabréf og víxla. Í lok árs 2018 fór OR af stað með undirbúning á grænum skuldabréfamma, vottunaraðilinn CICERO gaf rammanum dökkgrænan stimpil. Græn skuldabréf eru skuldabréf sem notuð eru til að fjármagna umhverfisvæn fjárfestingaverkefni, það eru verkefni sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þrýstingur hefur verið á fjárfesta að beina fjármagni á þann veg að hægt sé að ná langtímamarkmiðum á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Þrjú opin skuldabréfaútböð og tvö lokuð hafa verið á tímabilinu. Gefin hafa verið út skuldabréf í skuldabréfaflokki OR020934GB og skuldabréfaflokki OR180255GB. Samtals voru gefin út græn skuldabréf fyrir 14,0 ma.kr. á tímabilinu 1.1. – 30.9.2020.

Áhættustýring


Hækkun vaxta felur í sér áhættu í rekstri og efnahagi OR. Á undanförunum árum hefur OR fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti.



Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá hversu hátt hlutfall tekna hafa verið varðar.



Gjaldeyrisflæði ma.kr.



	Innistæða	Innflæði	Útflæði	Nettó
2020	3.777	8.025	-10.762	1.040
2021	0	28.215	-31.506	-3.291
2022	0	18.222	-19.882	-1.660
2023	0	10.875	-14.759	-3.884
2024	0	10.628	-13.505	-2.877
2025	0	9.537	-11.049	-1.512

Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og tekna hjá ON Power ohf., en tekjur þess félags eru m.a. í bandaríkjadöllum og evrum. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengisþróun, með því eru mörk sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahag. Myndin og tafla sýnir áætlað gjaldeyrisstreymi, stuðst er við dagsloka gengi Seðlabanka Íslands 30.9.2020.

Á móti gengisáhættu í efnahag vegna erlendra lána færast gengismunur af erlendu láni innan samstæðu yfir rekstur auk þýðingarmunar yfir eigið fé.

Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborganir lána í erlendri mynt.

Erlend mynt (m.kr.)	Raun 2020 F3	Raun 2019 F3	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	5.092	5.209	-116	-2,2%
Kostnaður í erlendri mynt	1.151	992	159	16,0%
Afborganir í erlendri mynt	6.063	10.073	-4.010	-39,8%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar á milli ára um 831 m.kr. eða um 4,2%. Hækkunina má að mestu rekja til þess að tekjur Veitna hækkuðu um 1.811 m.kr. Á móti kom að launakostnaður hækkaði um 634 m.kr. sem skýrist að mestu leyti af kjarasamningshækkunum.
- Rekstarniðurstaðan lækkar á milli tímabila og var jákvæð uppá 744 m.kr. sem er lækkun uppá 83,1%. Meginskýring á neikvæðri afkomu er vegna gengismunar sem er neikvæður um 4.573 m.kr. á níu mánuðum ársins 2020 en var jákvæður um 230 m.kr. á sama tímabili 2019.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 12.374 m.kr. sem er breyting uppá 78,4% frá sama tíma fyrir ári.
- Eignir OR jukust um 25 ma.kr. á árinu eða um 6,8%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 154 ma.kr. í 167,5 ma.kr. eða um 8,8%. Eiginfjárhlutfall OR hækkaði í 47,4%.
- Afborganir langtímalána voru um 14,9 ma.kr. en tekin voru ný langtímalán að fjárhæð 15,0 ma.kr. Handbært fé frá rekstri er um 19,4 ma.kr. og er svipað og frá fyrra ári. Góð staða handbær fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir svo háum afborgunum.
- Ljóst er að OR stendur frammi fyrir miklu útlæði erlends gjaldeyris á næstu árum vegna hraðrar niðurgreiðslu skulda sem er mun meira en þær tekjur sem OR kemur til með að afla í erlendum gjaldmiðlum. Frá og með árinu 2020 til 2025 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt að árinu 2020 undanskildu. Nemur uppsafnað nettó útlæði gjaldeyris yfir það tímabil rúmum 12,2 ma.kr en samkvæmt upplýsingum frá OR hefur verið gengið frá láni í USD sem dregið verður á eftir þörfum næstu þrjú ár.
- Veltufjárhlutfall er komið í 0,9 en æskilegt er að það fari ekki undir 1,0.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er um 59,5% eða svo til það sama og í fyrra. OR glímir enn við afborgunarpunga af langtímalánum og áhættu vegna gengis, vaxta og álverðs og því mikilvægt að tryggja að ekki dragi um of úr framlegð rekstrarins.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 88,0 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 82,3 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóttast.


Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Breyting	%	Raun 2019_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.406	2.459	-53	-2,2%	2.350	56	2,4%
Rekstrargjöld	-2.481	-2.407	-74	3,1%	-1.994	-487	24,4%
EBITDA	20	147	-127	-115,6%	416	-396	-95,2%
EBIT	-76	52	-127	-40,6%	356	-431	-121,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-8	-10	2	-19,9%	4	-12	-326,5%
Rekstrarniðurstaða	-84	41	-125	-33,1%	359	-443	-123,3%

Rekstrarniðurstaða: Niðurstaða 9 mánaða uppgjörðs er neikvæð um 84 m.kr. sem er verri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir tímabilið. Helstu ástæður má rekja til meiri hækkun launa en áætlað var og áhrifa Covid-19 faraldursins á rekstur Slökkviliðsins, þ.e. aukin kostnaður vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja örugga sjúkraflutninga og lægri tekjur af sjúkraflutningum.

Í ljósi niðurstöðu tímabilsins er rétt að áréttu að í samningi Slökkviliðsins við Sjúkratryggingar Íslands er ákvæði um að ef upp koma alvarlegar/sérstakar aðstæður sem samkvæmt eðli máls falla ekki undir kröfufýlsingu í samningum og leiða til verulegra útgjalda Slökkviliðsins, er gert ráð fyrir að aðilar semji um þann viðbótarkostnað.


Sjúkratryggingum hefur verið gerð grein fyrir því að Slökkvilið muni fara fram á viðbótargreiðslu vegna aðgerða sem farið hefur verið í vegna Covid-19 faraldursins. Í svari frá Sjúkratryggingum kom fram að þeir hefðu fullan skilning á afstöðu slökkviliðsins og unnið yrði úr beiðnum þegar faraldurinn væri yfirstaðinn og þá í samræmi við aðgerðir sem stjórnvöld ákveða til að bæta fyrirtækjum og stofnunum þau skakkaföll sem þau kunna að hafa orðið fyrir.



Rekstrartekjur:

Tekjur (m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Breyting	%	Raun 2019_09	Mism.	%
Framlag eigenda til rekstrar	1.204	1.204	0	0,0%	1.149,0	55	4,8%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	71	71	0	0,0%	71,4	0	0,1%
Tekjur vegna sjúkraflutninga	966	1.009	-43	-4,3%	941,0	25	2,6%
Húsaleigutekjur SHS fasteigna	87	89	-2	-2,3%	102,2	-16	-15,3%
Aðrar sértekjur	64	72	-8	-11,0%	72,6	-9	-11,7%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	14	14	0	0,0%	13,6	1	5,0%
	2.406	2.459	-53	-2,2%	2.350	55	2,3%

Heildartekjur fyrstu 9 mánuði 2020 eru um 53 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir, þar vegur þyngst að tekjur af sjúkraflutningum eru 43 m.kr. undir áætlun sem rekja má til Covid-19 faraldursins. Heildarfjöldi útkalla er svipaður fyrstu 9 mánuði 2020 eins og undanfarin ár, en hlutfall greiddra sjúkraflutninga lækkar og er nú um 82% en hefur undanfarin ár verið um og yfir 85%. Aðrar sértekjur eru einnig undir áætlun sem koma til vegna færri verkefna í tengslum við sértæka viðburði, t.a.m. tónleika og íþróttaviðburði.



Rekstrargjöld:


Gjöld (m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Mism.	%	Raun 2019_09	Mism.	%
Launakostnaður	2.011	1.931	80	4,1%	1.605	406	25,3%
Annar rekstrarkostnaður	375	381	-6	-1,6%	329	46	14,1%
Afskriftir	95	95	0	0,3%	60	35	58,8%
	2.481	2.407	74	3,1%	1.994	487	24,4%

Launakostnaður er ríflega 84% af rekstrarkostnaði SHS án afskrifta en um 81% ef afskriftir eru teknar með. Heildarlaunakostnaður er um 4,1% hærri en áætlað var. Megin ástæða fyrir hærri launakostnaði má rekja til þess að nýr kjarasamningur LSS, sem undirritaður var í maí, felur í sér meiri hækkun launa en gert var ráð fyrir, ásamt eingreiðslu vegna 2019. Meðaltalshækkun í kjarasamningi LSS er um 11,7% en gert var ráð fyrir 5,5% hækkun í fjárhagsáætlun 2020.

Til að tryggja órofna og örugga starfsemi hefur starfstöðvum verið fjölgað eins og þörf hefur verið á, á hverjum tíma. Í því fólst meðal annars að breyta þurfti vaktakerfum, öllum varðliðsmönnum var greitt fast vaktalag, sumarafleysingafólk ráðið fyrir inn en til stóð og möguleikar starfsmanna á orlofi voru takmarkaðir til að tryggja fullnægjandi mönnun og nauðsynlegan sveigjanleika og órofna starfsemi ef upp kæmi smit í liðinu og starfsmenn þyrftu að fara í einangrun og/eða sóttkví.

Heildarlaunakostnaður tímabilsins er um 406 m.kr. hærri eftir fyrstu 9 mánuði ársins miðað við sama tímabil 2019, eða um 25%. Helsta skýring fyrir utan kjarasamningsbundnar hækkanir, eingreiðslu vegna 2019 og aðgerða vegna Covid-19 má rekja til breytinga á uppgjörsaðferð, þar sem í heildarlaunum fyrstu 9 mánuði 2019 var ekki tekið inn launagreiðsla fyrir september sem greidd var út í byrjun október, sem er um 166 m.kr. 2020.

Annar rekstrarkostnaður er samtals um 6 m.kr. undir áætlun eða um 1,6%.




Efnahagur:


Efnahagur (m.kr.)	30.9.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	2.360	2.420	-60	-2,5%
Veltufjármunir án handb.fjár	139	206	-67	-47,9%
Handbært fé	271	281	-10	-3,6%
Eignir samtals	2.770	2.906	-137	-4,9%
Eigið fé	2.158	2.242	-84	-3,9%
Langtímaskuldir	209	209	-1	-0,3%
Næsta árs afborganir langt. skulda	13	12	0	1,9%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	390	443	-52	-13,4%
Skuldir samtals	612	664	-53	-8,6%
Skuldir og eigið fé samtals	2.770	2.906	-137	-4,9%

Eiginfjárlutfall SHS er um 78%. Eina **langtímaskuld** samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut.


Stjórn SHS hefur samþykkt að slökkvistöðin við Tunguháls verði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun um hvar ný slökkviliðsstöð verði staðsett, en vonir standa til að það verði gert á þessu ári og byggingaframkvæmdir geti mögulega hafist á næsta ári. Ekki er búið að ákveða hvort þær framkvæmdir verði fjármagnaðar með lántökum eða framlagi frá eigendum, þ.e. aðildarsveitarfélögum SHS.




Sjóðstreymi:



Fjárfestingar. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2020 hefur verið fjárfest fyrir um 40 m.kr. þar vegur þyngst, endurnýjun á húsnæði í Skógarhlíð og ýmis búnaður tengdur Covid-19 faraldrinum, þ.e. sendibifreið og húsbúnaður fyrir tímabundnar starfstöðvar. Í samþykktri fjárhagsáætlun 2020 var gert ráð fyrir að fjárfest yrði fyrir samtals um 110 m.kr. þar á meðal var ný körfubifreið, en í ljósi aðstæðna hefur enn ekki verið gengið frá því og óvíst hvort það náist fyrir árslok.



Fjöldi útkalla: Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2020 var farið í 23.480 sjúkraflutninga og 967 brunaútköll, sem er mjög sambærilegt við síðustu ár, en þó heldur minna en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir. Sjúkraflutningar í tengslum við Covid-19 eru mun flóknari og kalla á meiri viðbúnað en hefðbundnir flutningar, þ.e. oft þarf fleiri en einn sjúkrabíl í hvert útkall. Covid-19 faraldur hefur því leitt til þess að hlutfall greiddra útkalla hefur minnkað og er núna um 82% en hefur að jafnaði verið um 85%. Tekjur af sjúkraflutningum fyrst níu mánuði ársins er um 4,3% lægri en áætlun gerði ráð fyrir.



Myndin sýnir fjölda sjúkraflutninga og fjölda brunaútkalla, ásamt því að sýna þróun í hlutfalli greiddra flutninga síðustu ár.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir árin 2016-2020:


SHS - samstæða	2016_09	2017_09	2018_09	2019_09	2020_09
Eiginfjárlutfall	73,0%	78,1%	82,4%	83,6%	77,9%
Arðsemi eigin fjár	18,8%	41,9%	18,5%	22,7%	n/a
Veltufjárlutfall	1,24	2,27	3,20	3,27	1,02
Langtímaskuldir/eigið fé	12,1%	9,9%	9,3%	8,7%	9,7%
Uppgreiðslutími	0,6	0,3	0,5	0,4	9,6
Heildarskuldir/rekstartekjum	36,6%	29,9%	22,4%	20,6%	25,4%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	16,2%	28,6%	15,5%	18,0%	0,7%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	15,9%	17,3%	15,0%	17,7%	0,8%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Neikvæð rekstrarstað um 84 m.kr. er 125 m.kr. verri en áætlun gerði ráð fyrir, en hún gerði ráð fyrir hagnaði uppá 41 m.kr. Helstu ástæður má rekja til meiri hækkunar launa en áætlað var og áhrifa Covid-19 faraldursins á rekstur Slökkviliðsins, þ.e. aukin kostnaður vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja örugga sjúkraflutninga og lægri tekjur af sjúkraflutningum.
- Launakostnaður er 406 m.kr. eða 25,3% hærri en á sama tíma á fyrra ári, þar af eru 166 m.kr. sem eru tilkomnar vegna breyttra uppgjörsaðferða þannig að laun eru nú gjaldfærð á það tímabil sem þau falla til en ekki þegar þau eru greidd. Sé litið hjá því er launakostnaður 15% hærri en í fyrra.
- Veltufjárhlutfallið hefur batnað frá 6 mánaða uppgjöri og er aftur komið yfir 1.
- Sjúkratryggingum hefur verið gerð grein fyrir því að líkur eru á því að Slökkviliðið muni fara fram á viðbótargreiðslu vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja órofna og örugga sjúkraflutninga við krefjandi aðstæður vegna Covid-19 faraldursins. Nýtt verður ákvæði í samningi um alvarlegar eða sérstakar aðstæður sem valda kostnaðarauka. Í svari frá Sjúkratryggingum kom fram að þeir hefðu fullan skilning á afstöðu slökkviliðsins en að ekki yrði unnið úr beiðnum fyrr en faraldurinn væri yfirstaðinn.
- Stefnt var að fjárfestingum fyrir 110 m.kr. á árinu en frekar ólíklegt er að fjárfest verði fyrir svo mikið, fjárfestingar standa núna í 40 m.kr.

SORPA bs. (mkr)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Breyting	%	Raun 2019_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.772	2.772	0	0,0%	2.964	-192	-6,5%
Rekstrargjöld	-2.654	-2.654	0	0,0%	-2.804	150	-5,4%
EBITDA	260	260	0	0,0%	328	-69	-21,0%
EBIT	118	118	0	0,0%	159	-41	-25,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-104	-104	0	0,0%	-40	-64	159,5%
Rekstrarniðurstaða	14	14	0	0,0%	119	-105	-88,0%

Rekstrarniðurstaða samlagsins fyrstu 9 mánuði ársins er um 14 m.kr. Gert er ráð fyrir að endurskoðuð rekstraráætlun samlagsins fyrir árið 2020 sé á áætlun miðað við 9 mánaða uppgjör. Magn úrgangs hefur dregist saman um 6,8% 2020 miðað við sama tímabil 2019. Magnminnkun stafar af því að aðilar á sorphirðumarkaði hafa hætt að afhenda úrgang til meðhöndlunar hjá SORPU og hafa hafið útflutning á efninu til brennslu erlendis. Áhrif þessara breytinga á meðhöndlun, umsýslu og ráðstöfun úrgangs í aðra farvegi en til SORPU sáust fyrst um mitt árið 2019 og munu áhrif þessara magnbreytinga vera komin fram að fullu í lok árs 2020. Tekjur hafa dregist saman á milli tímabila um 6,5% m.a. vegna magnminnkunar en einnig hafa verið á endurvinnsluefnum hækkað enn frekar frá því í lok árs 2019 og ekki er útlit fyrir að verð lækki í bráð vegna Covid-19 faraldursins.



Rekstrarniðurstaða fyrstu 9 mánuði ársins er 105 m.kr. verri en árið 2019, en miklar breytingar hafa átt sér stað í rekstri SORPU síðustu misseri. Samlagið hefur staðið í stærsta fjárfestingaverkefni þess frá stofnun með byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar ásamt því að stækka móttökustöðina í Gufunesi. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvarinnar GAJA er lokið og eru prófanir hafnar á tækjabúnaði í Gufunesi og afhendingu á efni til GAJA. Framkvæmdirnar hafa reynt verulega á sjóðstreymi samlagsins vegna viðbótarkostnaðar við fjárfestingarnar, gengið hefur hratt á sjóði samlagsins og þurfti samlagið að auka skammtímalántöku til að fjármagna framkvæmdirnar tímabundið og til að mæta lakari rekstrarafkomu. Nýr framkvæmdastjóri tók við rekstri SORPU um miðjan febrúar 2020 og hefur samlagið verið í endurskipulagningarferli frá þeim tíma. Unnið hefur verið að endurskoðun rekstraráætlunar, fjármögnun fjárfestinga og bættri endurfjármögnun hjá samlaginu til framtíðar ásamt því að gjaldskrár hafa verið endurskoðaðar fyrir árið 2021. Umfangsmiklar breytingar munu verða á vinnslu og ráðstöfun úrgangs hjá SORPU næstu mánuði en samlagið mun minnka urðun lífræns úrgangs í lok 2020 og hefja útflutning á brennanlegum úrgangi til orkuvinnslu erlendis á árinu 2022 sem mun hafa í för með sér endurskoðun á gjaldskrá samlagsins.

Magntölur-per 9 mánuði	2016	2017	2018	2019	2020	Breyting 2019-2020
Endurvinnslustöðvar	18.044	19.585	22.258	22.964	24.352	6,0%
Móttökustöð	71.370	81.343	80.489	71.492	69.329	-3,0%
Álfsnes	132.627	148.724	172.734	149.702	133.772	-10,6%

Heimsóknir	2016	2017	2018	2019	2020	Breyting 2019-2020
Endurvinnslustöðvar	619.463	651.211	694.104	696.292	703.715	743.194
Móttökustöð	29.418	31.573	34.531	36.617	35.163	34.887
Álfsnes	7.875	9.250	10.658	12.055	10.833	11.201

Magn og umferð á endurvinnslustöðvunum hefur aukist verulega síðustu ár. Magn jókst um 6,0% miðað við sama tímabil í fyrra en hafa verið í huga að nokkuð misjafnt er á hvaða tímabili vinnsla garðaúrgangs lendir. Magn sem fór um endurvinnslustöðvarnar fyrstu 9 mánuði árs 2020 var 24.352 tonn en var 22.964 tonn fyrir sama tímabil árið 2019.


Heimsóknum á sama tíma fjölgaði um 5,6% eða um 39.479 heimsóknir. Endurvinnslustöðvarnar eru misjafnlega í sveit settar til að takast á við aukið umfang. Stöðin á Dalvegi annar ekki lengur umferð íbúa er þangað koma, en skv. bókun í fundargerð bæjarstjórnar Kópavogs þann 23. júní sl. á að loka stöðinni. Stöðin að Jafnaseli er komin að þolmörkum en undanfarið hefur stöðin verið endurskipulögð til að anna betur umferð. Íbúabyggð hefur færst nær og nær stöðinni á Ánanaustum og kvörtunum vegna hávaða hefur fjölgað. Stöðin við Breiðhelli í Hafnarfirði ræður vel við þá umferð er þangað kemur. Stöðin á Sævarhöfða á að víkja vegna breytinga á skipulagi og uppbyggingar Ártúnshöfðans og má búast við því að flytja þurfi stöðina innan næstu eins til tveggja ára. Stöðin í Mosfellsbæ annar umferð nokkuð vel í dag.

Starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi gildir til maí mánaðar 2035. Í samræmi við eigendasamkomulag frá 2013 voru settar takmarkanir í starfsleyfið varðandi urðun í Álfsnesi, nánar tiltekið að loka skuli urðunarstaðnum í Álfsnesi þann 31. desember 2020. Nú er unnið að endurskoðuðun starfsleyfis í ljósi viðauka við eigendasamkomulagið sem var undirritaður 6. júlí 2020, en þar samþykktu eigendur að heimila tímabundna framlengingu á takmarkaðri nýtingu á urðunarstaðnum í Álfsnesi frá 2021-2023.

Rekstrartekjur

Skiptingu á tekjum eftir starfsþáttum er að sjá í töflunni hér að neðan.


Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Mism.	%	Raun 2019_0	Mism.	%
Móttökugjöld	1.977	1.977	0	0,0%	2.183	-205	-9,4%
Endurvinnsluafurðir	400	400	0	0,0%	426	-26	-6,1%
Útseld þjónusta/aðrar tekjur	51	51	0	0,0%	60	-9	-14,5%
Endurvinnslustöðvar	1.111	1.111	0	0,0%	972	140	14,4%
Grenndargámar	56	56	0	0,0%	48	8	16,3%
Nytjamaður	225	225	0	0,0%	245	-20	-8,0%
Vinna milli deilda - eigin not	-1.049	-1.049	0	0,0%	-969	-80	8,2%
	2.772	2.772	0	0,0%	2.964	-192	-6,5%



Rekstrargjöld

Móttöku og urðunarkostnaður lækkar vegna minnkandi magns. Rekstrargjöld vegna Góða hirðisins eru lægri þar sem að loka þurfti versluninni tímabundið vegna Covid-19 og tekjur verslunarinnar því lægri. Gjöld umfram tekjur á endurvinnslustöðvunum voru um 40 milljónir milljónir og stafar aðallega af minni innheimtu í hliði ásamt því að úrgangur hefur aukist um 6% inn á stöðvarnar sem að eykur kostnað vegna móttökugjalda. Kostnaður vegna endurskipulagningar hjá samlaginu kemur fram undir liðnum yfirstjórn / sameiginlegt.




Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Mism.	%	Raun 2019_09	Mism.	%
Yfirstjórn / sameiginlegt	326	326	0	0,0%	244	82	33,4%
Móttöku og urðunarkostnaður	1.982	1.982	0	0,0%	2.262	-280	-12,4%
Endurvinnslustöðvar	1.111	1.111	0	0,0%	972	140	14,4%
Grenndargámar	56	56	0	0,0%	48	8	16,3%
Nytjamaður	226	226	0	0,0%	245	-19	-8,0%
Rekstur útleigðs húsnæðis	3	3	0	0,0%	3	0	4,4%
Eigin not	-1.049	-1.049	0	0,0%	-969	-80	8,2%
	2.654	2.654	0	0,0%	2.804	-150	-5,3%



Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2020	31.12.2019	Breyting	Breyting
Fasta fjármunir	7.838	5.953	1.885	32%
Veltufjármunir án handb.fjár	526	621	-95	-15%
Handbært fé	30	430	-401	-93%
Eignir samtals	8.394	7.004	1.390	20%
Eigið fé	4.318	3.833	485	13%
Skuldbindingar	425	384	40	10%
Langtímaskuldir	2.486	1.643	843	51%
Næsta árs afborganir langt. skulda	232	304	-72	-24%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	934	840	93	11%
Skuldir samtals	4.076	3.172	905	29%
Skuldir og eigið fé samtals	8.394	7.004	1.390	20%

Sjóðstreymi



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fráðregnum seldum rekstrarfjármunum.

Eignabreytingar 2020

Í móttökustöðinni í Gufnesi Stækkun á móttökustöðinni í Gufnesi er lokið en verkefnið hófst árið 2019. Uppsetning og gangsetning nýrra tækja í móttökustöðinni vegna GAJA er að klárast en það verkefni hófst einnig árið 2019.

Á urðunarstaðnum í Álfsnesi hófst bygging gas- og jarðgerðarstöðvar árið 2018 og er sú framkvæmd stærsta fjárfesting SORPU bs. frá upphafi. Verkinu er lokið og byggingin hefur verið afhent samlaginu.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. tímabilið janúar – september árin 2016-2020:

SORPA bs.	2016_09	2017_09	2018_09	2019_09	2020_09
Eiginfjárlutfall	66,6%	70,4%	72,4%	54,7%	51,4%
Arðsemi eigin fjár	16,6%	22,6%	21,4%	4,5%	0,5%
Veltufjárlutfall	3,23	3,27	2,37	0,92	0,48
Langtímaskuldir/eigjð fé	13,9%	8,4%	6,6%	42,9%	57,6%
Uppgreiðslutími	0,8	0,4	0,4	4,8	10,3
Heildarskuldir/rekstartekjum	30,4%	28,9%	27,6%	80,3%	110,3%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	13,2%	17,6%	18,0%	10,2%	7,2%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	13,5%	17,8%	18,2%	11,1%	9,4%

Óvissa í rekstri

Verið er að reikna upp áhrif lífskjarasamninga á rekstur SORPU ásamt því að samningaviðræður eru í gangi við Eflingu en þeir samningar hafa verið lausir frá því um mitt árið 2019. Vegna þeirra samninga kann launakostnaður að reynast hærri en forsendur fjárhagsáætlunar 2020 og 2021 gera ráð fyrir.

Framundan eru viðamiklar breytingar á vinnsluferlum úrgangs hjá samlaginu vegna tilkomu GAJA og fyrirhuguðum útflutningi á úrgangi til orkuendurvinnslu erlendis. Ferlin eru óþekkt og mun starfsemin þurfa tíma til að aðlaga sig að breytingunum.

Óvissa ríkir um viðbrögð núverandi viðskiptavina vegna breytts vinnsluferlis SORPU með tilliti til aukins kostnaðar á rekstur þeirra.


Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstarniðurstaðan er 14 m.kr. en á sama tíma í fyrra var hún 119 m.kr. og hefur því dregist saman um 88%. Í endurskoðaðri rekstraráætlun samlagsins fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að rekstur sé á áætlun miðað við níumánaða uppgjör.
- Tekjur tímabilsins eru um 6,5% lægri en á sama tímabili 2019 m.a. vegna magnminnkunar auk þess sem verð á endurvinnsluefnum fer lækkandi.
- Mikið hefur verið gengið á handbært fé og hefur það lækkað um 93% frá upphafi árs.
- Veltufjárlutfall er komið í 0,48 samanborið við æskilegt hlutfall 1,0 til að reksturinn standi undir afborgunum.
- Miklar framkvæmdir eru á vegum SORPU til að mæta lögbundnum kröfum um meðhöndlun á sorpi og kemur því samdráttur í tekjum illa við samlagið á þessum tímamarki.
- Notkun á endurvinnslustöðvum hefur aukist og nokkrar stöðvanna anna vart eftirspurn.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Veltufé frá rekstri er lágt og geta félagsins til að standa undir afborgunum lána hefur versnað.
- Mikilvægt er að þær hagræðingaraðgerðir og endurskipulagning samlagsins sem unnið er að tryggi sjálfbærni rekstrar samlagsins og að hann standi undir þeim miklu fjárfestingum sem ráðist hefur verið í og lántökum sem þeim tengjast.

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Breyting	%	Raun 2019_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.194	6.882	-688	-10,0%	6.517	-323	-4,9%
Rekstrargjöld	-6.326	-6.817	491	-7,2%	-6.490	164	-2,5%
EBITDA	58	298	-241	-80,6%	239	-181	-75,8%
EBIT	-131	65	-196	-300,5%	27	-158	-584,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-49	-39	-10	25,2%	-35	-14	40,0%
Rekstrarniðurstaða	-180	26	-206	-781,6%	-8	-172	2204,5%



Rekstrarniðurstaða


Afkoma fyrstu níu mánuði ársins 2020 litast af Covid-19 faraldrinu og var neikvæð um 180 m.kr. Gert var ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 26 m.kr. sem er frávik um 206 m.kr. Frávik frá áætlun skýrist af lægri rekstrartekjum en áætlun gerði ráð fyrir upp á um 688 m.kr., en á móti voru rekstrarsgjöld um 491 m.kr. lægri.

Áætlun gerði ráð fyrir að EBITDA hlutfall yrði jákvæð um 5,4% en raun niðurstaða var jákvæð um 1% sem skýrist af lægri fargjöldum en gert var ráð fyrir í áætlun.


Rekstrartekjur á tímabilinu voru lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 10%, þar vega þyngst fargjöld sem voru um 31% lægri sem skýrist af Covid-19. Aksturþjónusta fatlaðra og aldraðra lækkaði einnig sem skýrist af minni akstri tengdum Covid-19.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Mism.	%	Raun 2019_09	Mism.	%
Fargjöld - strætó	1.183	1.705	-522	-30,6%	1.577	-394	-25,0%
Rekstrarframlög eigenda	3.097	3.066	31	1,0%	2.876	221	7,7%
Ríkisframlag	675	665	10	1,4%	665	10	1,4%
Akstursþjónusta-framlag	1.010	1.240	-230	-18,5%	1.190	-179	-15,1%
Akstursþjónusta - fargjöld	46	64	-18	-28,3%	63	-17	-27,1%
Aðrar tekjur	183	142	41	29,2%	146	37	25,5%
	6.194	6.882	-688	-10,0%	6.517	-323	-4,9%


Fargjaldtekjur viðskiptavina Strætó fyrstu níu mánuði ársins endurspeglu um 19% af heildartekjum Strætó sem er 25% lægra en fyrstu 9 mánuði ársins 2019. Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um stefnt skuli á að þetta hlutfall sé um 40%.



Farþegafjöldi - á mánuði



Farþegafjöldi - uppsafnað




Myndirnar hér fyrir ofan sýna annarsvegar uppsafnaðan farþegafjölda 2020 og 2019 og hinsvegar farþegafjölda hvers mánaðar 2020 og 2019.

Farþegafjöldi Strætó fyrstu níu mánuði 2020 voru um 30% minni en gert var ráð fyrir í áætlun og miðað við sama tímabil 2019 er um 26% fækkun farþega.

Rekstrargjöld voru lægri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir en gripið var til hagræðingaraðgerða á móti falli í tekjum. Flestir gjaldaliðir eru undir áætlun þrátt fyrir að kostnaður vegna kjarasamninga reyndist meiri en gert var ráð fyrir í áætlun.

Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun 2020_09	Mism.	%	Raun 2019_09	Mism.	%
Eigin akstur strætó	2.342	2.542	-200	-7,9%	2.365	-23	-1,0%
Akstur verktaka - strætó	2.162	2.129	33	1,6%	2.082	80	3,9%
Akskursþjónusta fatlaðra - verktakar	1.056	1.303	-248	-19,0%	1.252	-196	-15,7%
Skrifstofu- og stjórnunark.	576	609	-33	-5,4%	579	-3	-0,4%
Afskriftir	189	233	-44	-19,0%	212	-23	-10,9%
	6.326	6.817	-491	-7,2%	6.490	-164	-2,5%




Efnahagur

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.526 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 42,3%, en var 46,8% sama tímabil 2019.

Á árinu 2018 var tekið langtímalán að fjárhæð 1.000 m.kr. hjá Lánasjóði sveitarfélaga; annarsvegar 720 m.kr. til 38 ára og 280 m.kr. til 17 ára. Lánið var tekið til að geta staðið í skilum á framlagi Strætó til Brúar lífeyrissjóðs. Framlagið nemur samtals 1.036 m.kr. þar sem 254 m.kr. voru gjaldfærðar 2017, en eftirstöðvar framlagsins verða gjaldfærðar á 20-30 árum. Greiðsludagur framlagsins til Brú lífeyrissjóðs var í heild 1. mars 2018.

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	1.808	1.860	-52	-2,8%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	677	698	-21	-3,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	636	774	-138	-17,8%
Handbært fé	558	377	181	48,0%
Eignir samtals	3.680	3.710	-30	-0,8%
Eigið fé	1.557	1.737	-180	-10,4%
Langtímaskuldir	1.009	1.002	7	0,7%
Næsta árs afborganir langt. skulda	14	26	-12	-44,9%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.100	946	154	16,3%
Skuldir samtals	2.123	1.973	150	7,6%
Skuldir og eigið fé samtals	3.680	3.710	-30	-0,8%

Sjóðsteymi



Eignabreytingar

Af heildarvagnafloata Strætó eru 86 vagnar í daglegri notkun og þar af eru um 28 vagnar 12 ára og eldri og eru því í raun komnir yfir eðlilegan líftíma. Gert var ráð fyrir að fjárfesta í nýjum vögnum fyrir 540 m.kr. á árinu 2020, en þeirri fjárfestingu var frestað vegna Covid-19.

Samkvæmt fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 300 m.kr. á ári í nýjum vögnum á næstu fimm árum.

Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms um, að aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, eigi rétt á skaðabótum vegna missis hagnaðar. Búið er að fá dómskvadda matsmenn til að fara yfir möguleg fjárhæð skaðabóta. Óvíst er hvenær niðurstaða fæst. Færð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa. Óvissa er uppi um dómsmál sem í gangi er í aksturþjónustu fyrir fatlað fólk.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó fyrir tímabilið janúar – september árin 2016-2020

Strætó	2016_09	2017_09	2018_09	2019_09	2020_09
Eiginfjárlutfall	65,6%	73,8%	48,7%	46,4%	42,3%
Arðsemi eigin fjár	10,0%	17,5%	-4,4%	-0,6%	-13,8%
Veltufjárlutfall	1,38	1,91	1,00	1,20	1,10
Langtímaskuldir/eigið fé	2,1%	0,0%	54,1%	57,3%	66,3%
Uppgreiðslutími	0,4	0,1	6,3	3,4	22,1
Heildarskuldir/rekstrartekjum	13,1%	10,0%	23,6%	23,5%	25,7%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	5,0%	6,9%	2,0%	3,5%	0,6%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	4,8%	6,6%	2,2%	3,7%	0,9%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Heildar afkoma var neikvæð uppá 180 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 26 m.kr. afgangi. Rekstrartekjur voru 688 m.kr. undir áætlun eða sem nemur 10%, á móti kemur að rekstrargjöld voru undir áætlun sem nemur 491 m.kr. eða 7,2%.
- Farþegafjöldi Strætó fyrstu níu mánuði 2020 voru um 30% lægri en gert var ráð fyrir í áætlun og miðað við sama tímabil 2019 hefur farþegum fækkað um 26%. Fargjaldatekjur farþega reyndust 19% tekna Strætó en eigendastefna gerir ráð fyrir 40%.
- Veltufjárlutfallið var 1,1 og hélst yfir æskilegu lágmarki sem er 1,0.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Kennitölur bera þess merki að Covid-19 hefur mikil áhrif á rekstur Strætó.
- Framlag til eflingar almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki fylgt umsömdum verðlagshækkunum. Mikilvægt er að gera kröfur um það að ríkið efni samning við Strætó þar um.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2017 áttu Félagsbústaðir 2.494 íbúðareiningar. Þar af voru 1.975 almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 372 þjónustuíbúðir fyrir aldraða og 147 íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurböfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameiginleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 59,2% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri á árinu 2019.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á mótí ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.